

Gjaldskrá og reglur gagnaveitu HEF veitna

1. gr.

Gagnaveita HEF veitna ehf. (HEF) á og rekur ljósleiðarakerfi í sveitarfélaginu Múlaþingi. HEF er heimilt að selja aðgang að ljósleiðara samkvæmt gjaldskrá og reglum þessum.

2. gr.

Eigendur íbúðarhúsnæðis í sveitafélaginu geta óskað eftir að tengjast ljósleiðarkerfinu. Eigendur sumarhúsa og lögaðila (fyrirtæki og rekstraraðilar) á þjónustusvæðinu geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Umsóknir um tengingar skulu berast í gegnum heimasíðu félagsins, www.hef.is, hafi fulltrúar HEF ekki þegar gengið frá samkomulagi um tengingu.

Lagnir utanhúss og inn fyrir húsvegg skulu vera í eigu HEF en lagnir innanhúss vera á ábyrgð húseiganda. Samráð skal vera við landeigendur um staðsetningu lagna og hentugustu lagnaleiðir.

Gjald miðast við áskrift og skal innheimt mánaðarlega.

Fjarskiptafélögum, er veittur aðgangur að ljósleiðarakerfinu að undangengnum samningum um m.a. gjaldtöku og þjónustu sbr. 5. gr. og 6.gr.

3. gr.

Einungis starfsmenn eða þjónustuaðilar á vegum gagnaveitu HEF mega annast útsetningu á ljósleiðarastreng, lagningu tenginga eða breytingar á ljósleiðarakerfinu.

Gagnaveita HEF tengir viðkomandi notanda við ljósleiðarakerfið að hans beiðni enda hafi viðkomandi uppfyllt eða samþykkt skilyrði þess að tengjast ljósleiðaranum. Sama á við um samninga, aðgang og tengingar fjarskiptafélaga sem þjónusta notendur með tengingum sínum.

4. gr.

Allar skemmdir sem kunna að vera gerðar á ljósleiðaranum eða búnaði tengdum honum skulu að fullu greiddar af þeim sem tjóninu veldur.

5. gr.

Gjöld notenda fyrir afnot af ljósleiðara HEF, án virðisaukaskatts eru sem hér segir:

1. Mánaðargjald fyrir heimtaug 2.900 kr.
2. Mánaðargjald fyrir heimtaug í frístundahús 2.300 kr. miðað við heilsárstengingu.
Heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúsaahverfum þannig að hver tengistaður greiði sama gjald óháð raunkostnaði.
3. Flutningur þjónustu á aðra heimtaug 3.500 kr., greitt af fjarskiptafélagi.
4. Virkjunargjald tengingar (kjósi viðskiptavinur að gera hlé á leigu og tengjast á ný) 9.000 kr.
5. Stofngjald/tengigjald ljósleiðara tengingar 200.000 kr. fyrir Ísland ljóstengt.
6. Stofngjald/tengigjald fyrir þá sem eru ekki innan Ísland ljóstengt er 300.000 kr. að auki skv. raunkostnaði við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað. 100m heimlagnar eru innifaldir í stofngjaldi.
7. Leiga á aðstöðu í tækjaskáp HEF veitna 18.250 kr. á mánuði fyrir hálf tækjaskáp, 36.500 kr. á mánuði fyrir heilt tækjaskáp.

6. gr.

Leiga á ljósþráðum innan kerfisins. Viðskiptavinum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli staða og miðast gjaldtaka við hvern hafinn kílómetra. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingar á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður við í samræmi við umfang breytinganna. Að öðru leyti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru ánVSK. Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða kr/km á mánuði (án VSK):

- 1 þráður, 5.700,-
- 2 þræðir, 7.100,-
- 3 þræðir, 8.600,-
- 4 þræðir, 9.900,-

7. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar HEF.

8. gr.

HEF veitur hafa rétt til að loka fyrir aðgang gagnvart þeim notendum sem vanrækja að greiða áskriftargjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun skal viðkomandi notandi greiða.

9. gr.

Eftirlitsmaður HEF skal ávallt hafa aðgang að öllum búnaði eða kerfum sem tengd eru við ljósleiðara gagnaveitunnar. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum eftirlitsmanns um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum gegn misnotkun á notkun ljósleiðarans.

10. gr.

Stofngjöld verða innheimt eftir að leiðari hefur verið lagður á tengistað.

Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum 1. janúar ár hvert skv. ákvörðun stjórnar HEF.

Gjaldskráin var samþykkt af stjórn HEF veitna ehf. þann 26. maí 2021.

Múlaþingi, 26. maí 2021

Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri